

kominni kröfu lögreglu og gera Herði G. Ingólfssyni að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst afmarkað við allt að 10 dögum frá kl. 1700 þann 26. janúar að telja.

Úrskurðarorð:

Hörður Gunnar Ingólfsson, fæddur 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum frá kl. 1700 þann 26. janúar 1982 að telja.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 266/1981. Valdstjórnin

gegn

Ólafi Þorlákssyni.

Kærumál. Þóknun verjanda í opinberu máli.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Með kæru 14. desember 1981, sem barst Hæstarétti 16. s. m., hefur Ólafur Þorláksson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, kært til Hæstaréttar ákvörðun fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík 10. desember 1981 um þóknun vegna réttargæslustarfa. Visar lögmaðurinn um kæruheimild til 5. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Krefst hann þess, að reikningur vegna starfa þessa, sem hann hafði lagt fyrir sakadómara og er að fjárhæð 7.322.00 krónur, verði tekinn til greina án breytinga, en fulltrúinn hafði ákveðið utan réttar, að þóknunin skyldi vera 2.000.00 krónur.

Í bréfi til Hæstaréttar hefur fulltrúinn, Ingibjörg Benediktsdóttir, gert grein fyrir tilteknum atvikum varðandi mál þetta og framsent bréf vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Að öðru leyti hafa eigi komið fram greinargerð eða kröfur af hálfu valdstjórnarinnar.

Póknun skipaðs verjanda sakbornings skal ákveða í dómi í máli, ef því verður lokið með þeim hætti, nema verjandi hafi afsalað sér póknun, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/ 1974 um meðferð opinberra mála. Í þeim lögum er ekki að finna heimild til að skjóta þeirri ákvörðun héraðsdóms til æðra dóms nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar. Ef máli verður ekki lokið með dómi, getur dómari ákveðið með úrskurði póknun verjanda eða réttargæslumanns á þann hátt, sem segir í 2. mgr. 87. gr. Dómari ákveður og póknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnar- undæmis, þar sem með aðalmál er farið, sbr. 1. mgr. 143. gr. laganna. Ákvörðunum þessum má skjóta til Hæstaréttar samkvæmt 5. tl. 172. gr. Af gögnum máls þessa verður ekki séð, að því sé lokið eða að nefnt ákvæði 143. gr. eigi við um það. Verður því ekki talið, að hin kærða ákvörðun héraðsdóms sæti kæru samkvæmt 5. tl. 172. gr. laganna eða öðrum ákvæðum þeirra. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
